

hæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda, að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur, ber gjaldanda að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

28. desember 1977.

Nr. 444.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 62 frá 28. desember 1977, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, og innheimta á árinu 1978 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfastgjöld, önnur en um ræðir í lögum nr. 79 um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1977.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

27. desember 1977.

Nr. 445.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 9/1976, orðist svo:

Lögreglustjórar eða gjaldheimtur sbr. lög nr. 68/1962 skulu innheimta tekju- og eignarskatt.

Á þann hátt, er hér segir, skal innheimta fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi 70% — sjötíu af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 70% — sjötíu af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið a. m. k. 30% lægri en á næsta ári áður, eða ástæður hans hafa